

Mál nr. 19/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Váttryggingartaki (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 21. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 11. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 23. mars 2022.
4. Bréf V, dags. 30. mars 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X hinn 21. mars 2018. Í lögregluskýrslu kemur fram að tveir starfsmenn X tóku á móti lögreglu og sýndu henni roðflettingarvél sem M var að vinna við þegar hann slasaðist og hvernig hún virkaði. Þeir starfsmenn voru ekki vitni að atburðinum. Haft er eftir M í lögregluskýrslu að hann hafi verið að þrifa umrædda vél á meðan hún hafi verið í gangi þegar hanski á vinstri hendi hafi flækst í vélinni og höndin dregist inn í hana. M kvaðst hafa verið að losa roð sem var fast í vélinni og hann hafi reynt að fjarlægja það með höndunum eins og hann hafi oft gert. Í lögregluskýrslu er einnig fjallað um upptöku úr eftirlitsmyndavél þar sem kemur fram að það virðist sem hansaklædd hönd M hafi flækst í færibaldi vélarinnar og dregist aftur með neðri hluta fremra færibandsins. M tjáði lögreglu að hann hafi ekki verið með hönd nálægt öryggishlíf ofan á vélinni, en ef sú hlíf lyftist þá stöðvist færibaldið. Einnig kemur fram í lögregluskýrslu að vélin var smávægilega biluð vegna slitinnar legu á slysdegi en að mati starfsmanns X hafi sú bilun ekki getað haft nein áhrif á slysið.

Í fyrri tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 23. og 29. maí 2018 er slysi M lýst þannig að M hafi verið „...að þrifa tæki og vélin dró höndina inn.“ Í seinni tilkynningu til Vinnueftirlitsins dags. 15. október 2018 er slysi M lýst þannig að hann sem starfsmaður hafi verið við þrif í flökunarsal og hafi sett málmhlut fyrir skynjara og haft roðflettingarvél opna við þrifin þegar hann festi hendi í vélinni og missti framan af tveimur fingrum. Báðar þessar tilkynningar eru undirritaðar bæði af M og starfsmanni X.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins vegna slyssins eru nokkur fyrirmæli til X m.a. um að stilla skuli útslátt að grind við roðflettingarvél þannig að tryggt verði að ekki sé hægt að komast að hættusvæði og að yfirfara skuli hlífar aftan á vélinni. Einnig eru þar fyrirmæli um neyðarstöðvunarhnapp sem voru síðan felld niður eftir athugasemdir X við skýrsluna.

Í málinu liggur einnig fyrir myndband sem sýnir aðstæður í vinnslusal X á þeim tíma sem var verið að þrifa þá vél sem M slasaðist við og að einhverju leyti af atvikum slyssins.

Í málskoti er á því byggt að M hafi verið að þrifa roðflettingarvél og þegar hann sá að roð var fast í vélinni hafi hann ákveðið að fjarlægja það með höndunum með þeim afleiðingum að hönd hans hafi dregist með neðra hluta fremra færibands vélarinnar. M telur X bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu þar sem athugasemdir um að vinnuaðstæður hafi ekki verið fullnægjandi hafi komið fram í skýrslu Vinnueftirlitsins, þannig að grind hafi verið vanstillt á roðflettingarvél þannig að hönd komst inn að hættusvæði vélarinnar. einnig hafi ekki verið neyðarstöðvunarrofi á vélinni, þó athugasemdir X hafi leitt til þess að það sá hluti skýrslunnar hafi verið fjarlægður. M telur að aðstæður á vinnustaðnum hafi ekki uppfyllt fyrirmæli laga nr. 46/1980 eða ákvæði reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja þar sem komi fram í I. viðauka, t.l. 2.8. að hlífar skuli vera þar sem hætta er af vélum. M leggur áherslu á að slysa hans hafi orðið við neðri hluta færibands og að hann hafi ekki sett málmhlut fyrir skynjara til að koma í veg fyrir að roðflettingavélin stöðvaðist þegar öryggishlíf var færð til. Einnig leggur M áherslu á að hann hafi unnið við svipuð verk frá árinu 2005 ekki fengið athugasemdir við störf sín eða að þau væru ekki í samræmi við verklag sem hafi átt að viðhafa.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að ekki sé sýnt að skaðabótaábyrgð X sé fyrir hendi. V telur að leggja eigi lýsingu úr seinni tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands til grundvallar

málsatvikum þar sem komi fram að M hafi farið framhjá öryggi vélarinnar sem hann var að þrifa með því að óvirkja skynjara hennar. V telur að þeirri lýsingu ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu M. V telur að M hafi haldið vélinni gangandi þrátt fyrir að öryggishlíf hennar væri opin og vísar til myndbands af atvikum slyssins því til stuðnings. Einnig bendir V á að skýrsla Vinnueftirlitsins staðfesti að neyðarstöðvun virkist þegar hlíf á vélinni lyftist upp og öryggi hennar hafi þar af leiðandi virkað ég slysdegi. Hins vegar vísar V til þess að skýrsla Vinnueftirlitsins hafi takmarkað sönnunargildi þar sem enginn skoðunarmaður mætti á staðinn heldur verið dregnar ályktanir út frá upptökum lögreglu á slyssað. V vísar til þess að X hafni því alfarið að vélin hafi verið vanstillt og vísar til prófana sem gerðar hafi verið eftir slysið. Einnig bendir V á að X telji það rangt að það hafi tíðkast að þrifa vélar með þeim hætti sem M hafi gert með því að blinda skynjara hennar. Einnig vísar V til starfsreynslu M hjá X sem hafi unnið þar frá árinu 2005 og mátt vita um hættu við það verklag sem hann beitti og að hann hafi farið gegn fyrirmælum yfirmanna og verkstjóra með því.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um málsatvik hvað varðar aðdraganda líkamstjóns M og hvaða aðferð hann hafi notað til að þrifa roðflettingarvél á vinnustað sínum hjá X. Í málinu liggur fyrir myndbandsupptaka sem á að vera frá slysdegi en erfitt að sjá á henni hvernig M bar sig að í aðdraganda slyssins. Ekki kemur þar með skýrum hætti fram M hafi gert eitthvað til að blinda skynjara á vél til að hún héldist í gangi þó öryggishlíf væri uppi á vélinni. Engar upplýsingar koma heldur fram í frumskýrslu lögreglu um að þannig hafi atvik verið þrátt fyrir að talað hafi verið við samstarfsmenn M á vettvangi og skv. myndbandsupptöku sést að nokkrir starfsmenn X hafi verið í vinnslusal þegar slys varð. Ekki koma heldur fram upplýsingar um þá ætluðu háttsemi M í fyrstu tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands sem skrifað var undir af hálfu X. Þó upplýsingar um ætlaða háttsemi M við að blinda skynjara komi fram í seinni tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 15. október 2018, með undirskrift M og starfsmanns X, verður að telja þá tilkynningu eina og sér hafa takmarkaðra sönnunargildi vegna þess að sú lýsing af atvikum hafa ekki stoð í frumgögnum. Ekki liggur fyrir viðbótarframburður samstarfsmanna sem voru nærri þegar M slasaðist eða annað sem sýnir að atvikum sé rétt lýst í seinni tilkynningunni. Við mat á atvikum verður því ekki lagt til grundvallar að M hafi borið sig að með þeim hætti sem V hefur eftir X og því sem kemur fyrst fram í seinni tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands.

Skýrsla Vinnueftirlitsins tekur mið af upplýsingum frá lögreglu og athugasemdir voru gerðar við aðstæður að einhverju leyti þó ein athugasemd hafi verið fjarlægð eftir andmæli X. Eftir stendur þó að í skýrslunni kemur fram að gera skuli skriflegar leiðbeiningar um notkun og hættur véla og tækja á vinnustaðnum þannig að þær sé u öllum sjáanlegar og að allir skilji þær.

Almennt ber M sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaaréttar séu uppfyllt vegna skaðabótaábyrgðar X. Skýrsla Vinnueftirlitsins sýnir að aðstæður hafi ekki verið í lagi að öllu leyti með tilliti til þess að það vantaði skýrar leiðbeiningar um notkun og hættur véla. Þannig verður að leggja til grundvallar að X hafi ekki gert nægar ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna sinna. Staða aðila til að tryggja sér sönnun er með þeim hætti að það stendur X nær að sanna fullyrðingar sínar um háttsemi M og að leiðbeiningar til starfsmanna hafi verið skýrar. Sú sönnun hefur ekki tekist m.v. gögn málsins. Verður því lagt til grundvallar að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi af hálfu X.

Ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr.a skaðabotalaga nr. 50/1993 og ber hann því ekki meðábyrgð vegna líkamstjóns síns.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá Vþ

Reykjavík, 24. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir